

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Blönduóssbæjar, nr. 969/2003.

1. gr.

1. mgr. 7. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Bæjarstjórn heldur reglulega fundi einu sinni í hverjum mánuði annan þriðjudag hvers mánaðar. Bæjarstjórnarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 17.00. Heimilt er að fella niður fundi í bæjarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

2. gr.

1. másl. 1. mgr. 45. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Bæjarráð skal að jafnaði halda fund tvisvar í hverjum mánuði.

3. gr.

2. másl. 2. mgr. 48. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Bæjarráð fer jafnframt með atvinnumál, jafnréttismál, málefni hafnarsjóðs og umhverfismál. Þá hefur bæjarráð einnig yfirumsjón með úthlutun leiguíbúða í eigu sveitarfélagsins og semur verklagsreglur fyrir starfsmenn bæjarskrifstofu til að vinna eftir.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á B-lið 57. gr. samþykktarinnar:

a) 1. tölul. verður svohljóðandi:

Fræðslunefnd. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 13. gr. laga um grunnskóla, nr. 66/1995, og skv. 9. gr. laga um leikskóla, nr. 78/1994.

b) 2. tölul. verður svohljóðandi:

Landbúnaðarnefnd. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. laga um búfjárhald, forðagæslu o.fl., nr. 103/2002. Landbúnaðarnefnd fer með fjallskilamál og skipar einn búfjárefirlitsmann og einn til vara.

c) 3. tölul. verður svohljóðandi:

Menningar- og fegrunarnefnd. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara.

d) 4. tölul. verður svohljóðandi:

Skipulags-, byggingar- og veitunefnd. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997. Fer með málefni umferðarnefndar, sbr. heimild í 2. mgr. 116. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987.

e) 5. tölul. verður svohljóðandi:

Æskulýðs- og tómstundanefnd. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Blönduóssbæjar hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 10. ágúst 2006.

F. h. r.

Sesselja Árnadóttir.

Stefanía Traustadóttir.